

## Svar

### matvælaráðherra við fyrirspurn frá Gísla Rafni Ólafssyni um eldislaxa sem sleppa.

Við vinnslu þessarar fyrirspurnar var upplýsinga aflað frá Hafrannsóknastofnun sem tók saman umbeðin töluleg gögn. Við vinnslu fyrirspurnarinnar var miðað við stöðuna eins og hún var í dagslok 17. október 2023 en söfnun og greining upplýsinga úr strokinu úr kví Arctic Fish í Patreksfirði stendur enn yfir.

1. *Hversu margir eldislaxar eru taldir hafa sloppið úr sjókvíum allt frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum og landshlutum?*

Fjöldi fiska sem sluppu úr sjókvíum fyrir árið 2017 liggur ekki fyrir, en fyrir þann tíma var umfang sjókvíaeldis lítið. Frá árinu 2017 er áætlað að alls 113.500 laxar hafi sloppið úr sjókvíum og voru eldiskvíarnar allar á Vestfjörðum (tafla 1). Frá 2017 hefur framleiðsla í laxeldi í sjókvíum verið 209.560 tonn. Að þeim forsendum gefnum má áætla að 0,54 laxar hafi sloppið á hvert framleitt tonn.

**Tafla 1. Mat á fjölda laxa sem sloppið hafa úr sjókvíum á Vestfjörðum frá árinu 2017 og framleiðsla á þeim tíma.**

Ár	Strok	Framleiðsla	
	Fjöldi fiska	tonn	
2017		9.701	
2018	27.000	11.780	
2019		25.316	
2020	1.000	32.267	
2021	82.000	44.503	
2022		42.993	
2023	3.500	43.000 *	
Alls	113.500	209.560	
* áætlað			

2. *Hversu mörg atvik eru skráð þar sem talið er að eldislaxar hafi sloppið úr sjókvíum allt frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum og landshlutum?*

Frá árinu 2010 eru 16 atvik skráð þar sem tilkynnt var um að gat hafi fundist á sjókvíum eða önnur óhöpp þar sem grunur lék á um á að fiskar hafi sloppið. Af þeim eru 14 á Vestfjörðum og tvö á Austfjörðum (tafla 2). Taka ber fram að í töflunni eru auk lax þrjú tilvik þar sem um regnbogasilung var að ræða. Ekki er fullvíst að fiskar hafi sloppið í öllum tilfellum.

**Tafla 2. Skráð atvik þar sem göt hafa fundist á sjókvíum eða önnur atvik þar sem fiskar gætu hafa sloppið.**

Landshluti	Dags.	Fyrirtæki	Staðsetning	Fiskur
Vestfirðir	2016-06-01	Arctic Sea Farm	Önundarfjörður	Regnbogi
Austfirðir	2016-06-24	Fiskeldi Austfjarða	Berufjörður	Regnbogi
Vestfirðir	2017-02-01	Arctic Sea Farm	Dýrafjörður	Regnbogi
Austfirðir	2017-11-01	Laxar fiskeldi	Reyðarfjörður	Lax
Vestfirðir	2018-07-06	Fjarðalax	Tálknafjörður	Lax
Vestfirðir	2018-10-01	Fjarðalax	Tálknafjörður (Laugardalur)	Lax
Vestfirðir	2019-01-22	Arnarlax	Hringsdalur	Lax
Vestfirðir	2019-08-16	Fjarðalax	Laugardalur	Lax
Austfirðir	2019-09-17	Fiskeldi Austfjarða	Glímeyri	Lax
Vestfirðir	2020-02-01	Arctic Sea Farm	Eyrarhlíð	Lax
Vestfirðir	2020-04-02	Arnarlax	Hringsdalur	Lax
Vestfirðir	2020-04-15	Fjarðalax	Eyri	Lax
Vestfirðir	2021-08-29	Arnarlax	Haganes	Lax
Vestfirðir	2023-08-20	Arctic Sea Farm	Kvígindisdalur	Lax

### 3. Hversu margir eldislaxar hafa fundist í laxveiðiám allt frá árinu 2010, sundurliðað eftir árum og laxveiðiám?

Hér er gert ráð fyrir að spurt sé um fullorðna laxa sem skila sér í ár og svörin miðast við það.

Í nóvember 2013 var tilkynnt um að sloppið hefðu 200 laxar úr eldiskví í Patreksfirði. Sumarið 2014 varð vart við meinta eldislaxa í Patreksfirði og veiddust 105 laxar í netaveiðum á laxi sem Fiskistofa stýrði. Auk þeirra fengust upplýsingar frá veiðimönnum um 104 laxa veidda á stöng. Því var staðfest að 209 laxar hefðu veiðst í og við Ósá í botni Patreksfjarðar en þar eru afar takmörkuð skilyrði til uppvaxtar laxaseiða. Alls voru greind 45 hreistursýni af þessum löxum og voru 43 þeirra af laxi af eldisuppruna

Til Hafrannsóknastofnunar bárust sýni af 10 löxum af eldisuppruna til greiningar árið 2018, 6 árið 2019, 3 árin 2020 og 2021 og 28 árið 2022.

Alls hefur verið staðfest að eldislaxar hafi veiðst í 25 ám 2023. Auk þeirra eru nú sýni af 79 löxum til viðbótar í greiningu. Alls hafa því Hafrannsóknastofnun borist sýni af 166 löxum (miðað við 27. sept. 2023), með einkenni eldisuppruna. Hafrannsóknastofnun eru enn að berast sýni frá meintum eldislöxum frá veiðimönnum, veiðiréttareigendum og vegna veiðiátaks Fiskistofu. Þannig hafa Hafrannsóknastofnun á veiðisumrinu 2023 borist meintir eldislaxar úr 29 veiðiám (veiðisvæðum), allt frá Kálfá að Fnjóská. Ekki er víst að allir eldislaxar sem veiðast berist Hafrannsóknastofnun til greiningar.

**Tafla 3. Fjöldi greindra eldislaxa sem veiðst hafa skipt eftir árum og veiðistaðum eða veiðistað.**

Ár	Veiðistaður/Á	Fjöldi
2018	Staðarhólsá og Hvolsá	1
2018	Fjarðarhornsa	1
2018	Mjólka	2
2018	Selá í Ísafjarðardjúpi	1
2018	Laugardalsá	1
2018	Staðará í Steingrímsfirði	1
2018	Vatnsdalsá í Hún	1
2018	Eyjafjarðará	1
2018	Breiðdalsá	1
2019	Mjólka	5
2019	Ytri-Rangá	1
2020	Staðará í Steingrímsfirði	1
2020	Víðidalsá í Steingrímsfirði	1
2020	Seyðisfjörður (sjór)	1
2021	Arnarfjörður (sjór)	1
2021	Sunnaldalsá	1
2021	Hafalónsa	1
2022	Ósa	4
2022	Sunnaldalsá	2
2022	Mjólka	22

**Tafla 4. Ár og vatnakerfi þar sem meintir eldislaxar hafa veiðst og borist Hafrannsóknastofnun til greiningar á uppruna 17. október 2023. Fram kemur fjöldi laxa í greiningu, fjöldi staðfestra eldislaxa og fjöldi laxa þar sem greiningu er ólokið.**

Staðsetning (nr. á mynd)		Samtals í greiningu	Staðfestir eldislaxar	Greiningu ólokið
<b>Vesturland</b>				
1.	Hvítá	1	1	
2.	Álftá	1		1
3.	Hítará	1		1
4.	Haffjarðará	2		2
5.	Holtsá	1	1	
6.	Haukadalsá	1	1	
7.	Svínafoffa	1		1
8.	Laxá í Dölum	9	4	5
9.	Krossá	1	1	
10.	Búðardalsá	8	2	6
11.	Staðarhólsá/Hvolsá	10	10	

Staðsetning (nr. á mynd)	Samtals í greiningu	Staðfestir eldislaxar	Greiningu ólokið	
<b>Vestfirðir (að Ströndum)</b>				
12.	Þorskafjarðará	1	1	
13.	Móra	3	3	
14.	Vatnsdalsá	3	1	2
15.	Örlygshöfn	4	4	
16.	Suðurfossá	5		5
17.	Patreksfjörður/Ósá	6	6	
18.	Sunddalsá	20	7	13
19.	Dynjandisá	1	1	
20.	Mjólká	2	2	
21.	Laugardalsá	2	2	
22.	Ísafjarðará	21	15	6
23.	Langadalsá	9	6	3
24.	Hvannadalsá	3	1	2
25.	Selá	2	2	
<b>Strandir og Norðurland</b>				
26.	Kjósará	1		1
27.	Staðará	6		6
28.	Víðidalsá	2		2
29.	Hrútafjarðará	38	7	31
30.	Síká	6		6
31.	Miðfjarðará	26	16	10
32.	Tjarnará	3	1	2
33.	Hóp	1	1	
34.	Víðidalsá	3	1	2
35.	Vatnsdalsá	18	12	6
36.	Blanda	55	44	11
37.	Héraðsvötn	2		2
38.	Húseyjarkvísl	4	3	1
39.	Laxá á Refasveit	15	5	10
40.	Hjaltadalsá/Kolka	2	1	1
41.	Eyjafjarðará	1	1	
42.	Fnjóská	2		2
<b>Suðurland</b>				
43.	Geirlandsá	1		1
44.	Kálfá	2	1	1
<b>Samtals öll svæði</b>		<b>306</b>	<b>164</b>	<b>142</b>



**Mynd.** Staðsetning áa þar sem meintir eldislaxar hafa veiðst og staða greiningar á uppruna þeirra.